

Ársskýrsla 2017

**SAMEIGINLEGT ÞJÓNUSTUSVÆÐI Í EYJAFIRÐI
UM ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK**

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	2
2.	Starfsemin 2017.....	3
2.1	Skipulag þjónustu.....	3
2.2	Fjöldi þjónustuþega.....	3
2.3	Fjármögnun þjónustu.....	4
2.4	Samþætting þjónustu/teymisvinna.....	4
2.5	Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).....	5
2.6	Notendaráð í málaflokki fatlaðra.....	5
2.7	Öryggisgæsla.....	5
2.8	Hugmyndafræði búsetusviðs.....	5
3.	Þjónusta við börn og ungmenni.....	6
3.1	Snemmtæk íhlutun.....	6
3.2	Umönnunarmat.....	7
3.3	Stuðningsfjölskyldur.....	8
3.4	Skammtímaþjónusta og skólavistun.....	8
4.	Fullorðnir og fjölskyldur þeirra.....	11
4.1	Ráðgjöf.....	11
4.2	Búsetuþjónusta.....	11
4.2.1	Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk.....	12
4.2.2	Sértæk heimaþjónusta.....	14
4.2.3	Annar stuðningur við búsetu.....	16
4.2.4	Biðlistar eftir búsetuþjónustu.....	17
4.3	Styrkir til náms og verkfæra- og tækjakaupa.....	18
4.4	Plastiðjan Bjarg-Íðjulundur.....	19
4.4.1	Hlutverk.....	19
4.4.2	Starfsþjálfun.....	19
4.4.3	Ótímabundin ráðning.....	20
4.4.4	Fast starfsfólk.....	20
4.4.5	Afkoma.....	20
4.5	Skógarlundur - miðstöð virkni og hæfingar.....	21
4.5.1	Markmið Skógarlunda/Birkilunda.....	21
4.5.2	Tölulegar staðreyndir um þjónustu.....	21
4.5.3	Þjónustunotendur.....	22
4.5.4	Starfsmenn.....	23
4.5.5	Innra starf í Skógarlundi.....	23
4.5.6	Hugmyndafræði.....	23
4.6	Lautin – athvarf fyrir geðfatlaða.....	24
5.	Rekstrarafkoma 2017.....	25

1. Inngangur

Árið 2010 gerðu Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur með sér samstarfssamning um sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk. Samkvæmt samningnum er Akureyri leiðandi sveitarfélag í veitingu þjónustunnar, en því felst að Akureyrarbær annast þá þjónustu við fatlað fólk í þessum sveitarfélögum sem veitt er á grundvelli skv. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Akureyrarbær stýrir þjónustunni og ákvörðunartaka um hana er í höndum velferðarráðs, bæjarráðs og bæjarstjórnar eftir atvikum. Sveitarstjórar sveitarfélaganna fimm eiga sæti þjónusturáði, sem bæjarstjórinn á Akureyri veitir formennsku. Þjónusturáðið er vettvangur fyrir samráð og upplýsingagjöf um málaflokkinn en hefur ekki ákvörðunarvald.

2. Starfsemin 2017

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfseminni árið 2017 auk þess sem í nokkrum tilvikum er samanburður við upplýsingar frá fyrri árum.

2.1. Skipulag þjónustu

Þjónusta við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 skiptist á tvö svið Akureyrarkaupstaðar. Ráðgjöf við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra er í höndum fjölskyldusviðs, sem og rekstur hæfingarstöðvar og verndaðs vinnustaðar. Búsetuþjónusta, félagsleg liðveisla og skammtímaþjónusta er í höndum starfsmanna á búsetusviði. Mat á þjónustuþörf og afgreiðsla umsókna er í höndum mismunandi matshópa og teyma sem í sífja fulltrúar beggja sviða.

Þjónusta og ráðgjöf við fötluð börn og fjölskyldur þeirra eru að mestu á verksviði fjölskyldusviðs ef frá er talin skammtímaþjónusta fyrir fötluð börn.

2.2. Fjöldi þjónustuþega

Í töflu 1 hér að neðan sést fjöldi fatlaðra barna á þjónustusvæðinu, flokkaður eftir umönnunarmati. Flokkur 1-3 eru þeir flokkar sem börn með staðfesta fötlun raðast í en í 4. og 5. flokki eru börn með vægari frávík eða börn sem eru í greiningarferli og fötlun hefur enn ekki verið staðfest. Börnunum fjölgaði um eitt milli ára, voru í ár 171. Flest börnin eða 157 búa á Akureyri en 14 í öðrum sveitarfélögum á þjónustusvæðinu.

Fötluð börn á skrá 2017 - skipt eftir lögheimili						
Umönnunarflokkar						
	1	2	3	4	Annað	Alls
Akureyri	8	53	80	16		157
Eyjafjarðarsveit	1	2	2			5
Grýtubakkahreppur			1			1
Hörgársveit			2	1		3
Svalbarðsstrandahreppur		1	4			5
Samtals	9	56	89	17		171

Tafla 1

SIS matskerfið er vandað matskerfi, vel rannsakað, með sterkan fræðilegan bakgrunn sem notað er víða um heim til að meta stuðningsþörf fatlaðra. Á Íslandi er matið einnig notað til að ákveða skiptingu fjármagns úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt niðurstöðu þess.

Byrjað var að nota SIS matið 2009 – 2010, þá sem rannsóknarverkefni. Síðan þá hafa flestir þeir sem eru með viðamikla þjónustu eða eru á biðlista eftir þjónustu farið í mat og á árinu 2017 voru 132 einstaklingar á þjónustusvæðinu með SIS mat í þjónustu, allir á Akureyri. Þróun matstækisins fyrir börn gengur hægt en á árinu fóru flest fötluð börn í mat af svæðinu en niðurstaða úr þeim hefur ekki fengist.

SIS matið er þannig byggt upp, sjá töflu 2, að flokkarnir eru 12 og einnig er metin sérstök þjónustuþörf vegna heilsu og atferlis. Þjónustuþörf einstaklinga í flokkum 4 til 12 er kostnaðarmetin og fjárveitingar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga grundvallast á samanlagði metinni útgjaldaþörf vegna þessara einstaklinga. Um það bil 430 einstaklingar, börn og fullorðnir, eru á skrá yfir þá sem hafa fengið einhverja þjónustu út frá lögum um málefni fatlaðs fólks.

SIS flokkar	12A	12B	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	Alls
fj. einst. 2012	7	4	2	3	15	8	4	7	4	5	16	6	4	1	86
fj. einst. 2013	7	5	4	6	16	15	5	9	4	7	18	6	5	1	108
fj. einst. 2014	13	7	6	10	9	17	9	13	7	7	14	4	1	1	118
fj. einst. 2015	13	6	8	10	9	17	10	11	7	9	19	3	0	1	123
fj. einst. 2016	12	5	9	10	11	16	11	12	5	10	20	4	0	1	126
fj. einst. 2017	12	5	8	10	11	17	12	12	6	12	22	4	0	1	132

Tafla 2

Þeir fullorðnu einstaklingar sem ekki hafa farið í SIS mat eru u.þ.b.130. Ekki er gert ráð fyrir að allir fari í SIS mat sem fá sérhæfða þjónustu úr málaflokki fatlaðra, síst þeir sem eru í lítilli þörf fyrir sérhæfða þjónustu.

2.3. Fjármögnun þjónustu

Árið 2015 náðist samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga um endurskoðun á fjármögnun þjónustunnar við fatlað fólk. Niðurstaðan var að útsvar sveitarfélaga hækkaði um 1,2 prósentustig og skattlagning ríkisins lækkaði tilsvarendi á móti.

Frá 1. janúar 2016 renna 0,25 prósentustig til sveitarfélaga beint en 0,99 prósentustig til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem deilir fjármuninum út í samræmi við metna útgjaldabörf. Stærstur hluti útgjaldabarfara ræðst af SIS-mati, en í þeim tilfellum þar sem SIS-mat er ekki fyrir hendi er miðað við raunkostnað við þjónustuna, sbr. reglugerð 635/2017 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017. Við úthlutun er sá hluti útsvarsins sem rennur beint til sveitarfélaganna dreginn frá metinni útgjaldabörf og það sem á vantar greitt úr Jöfnunarsjóði. Ef fjármunir í Jöfnunarsjóði duga ekki fyrir metinni útgjaldabörf á landinu öllu er því deilt hlutfallslega á milli þjónustusvæða. Til viðbótar þessu eru sértekjur af þjónustunni í formi þjónustugjalda, styrkja o.fl. Ríkið greiðir fyrir rektur öryggisgæslu að frádregnu SIS-framlagi vegna viðkomandi einstaklinga auk þess sem ríkið greiðir 25% af kostnaði við NPA-samninga. Stærstur hluti þessara tekna er flokkaður sem skatttekjur og því er aðeins lítill hluti þeirra sýnilegur í bókhaldi viðkomandi sviða.

Auk ofangreindra skatttekna voru sértekjur málaflokksins um 456 m.kr. á árinu 2017. Stærstu tekjuliðirnir voru greiðslur frá ríkinu fyrir rekstur öryggisgæslu og tekjur PBI af sölu framleiðslunnar.

2.4. Samþætting þjónustu/teymisvinna

Samvinna fagaðila sem koma að þjónustu við fatlað fólk er mikilvæg og vaxandi áhersla er á samþættingu þjónustu. Fjölskyldur og hin ýmsu kerfi sveitafélagsins og annarra þjónustukerfa, eftir því sem við á, vinna saman að því að útbúa heppilega lausn fyrir hvern og einn.

Þegar þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra er komið á er unnið í teymisvinnu. Hún felur í sér að allir þjónustu- og meðferðaraðilar sem koma að hverju barni vinna saman. Fundað er reglulega og miðast fjöldi teymisfunda við þarfir barnsins, fjölskyldu þess og meðferðaraðila. Um getur verið að ræða fundi sem eru tvisvar til þrisvar á ári til þess að aðilar hittist einu sinni í mánuði.

Á árinu 2017 urðu þær breytingar í stjórnkerfi Akureyrarbæjar að sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla færðist til fræðslusviðs sem minnkaði svigrúm fjölskyldusviðs til að vera þátttakandi í teymisvinnu vegna fatlaðra barna. Unnið var verklag milli sviða til að halda utan um þá þjónustubætti sem breyttust. Aukið svigrúm mun gefast í þessa vinnu á árinu 2018 þegar nýtt stöðugildi bætist við í þessa þjónustu.

Teymisvinna heldur í mörgum tilfellum áfram þegar ungmenni fara í framhaldsskóla og hefur verið að aukast síðustu ár, sérstaklega í þeim málum þar sem um flóknar þjónustubarfir er að ræða. Haustið 2017 var unnið að því að gera nýtt vinnulag varðandi útskriftarnema af starfbraut 3 í VMA sem eru þeir nemendur sem hafa flóknustu þjónustubarfirnar og ætti það að bæta þjónustu við þann hóp.

Teymisvinna í málefnum fullorðins fólks hefur einnig verið skipulögð og í seinni tíð hafa fleiri og fleiri mál verið unnin þannig. Þá kemur þjónustukerfið allt að borðinu og fundnar eru bestu hugsanlegu lausnir fyrir einstaklinginn. Þjónustubeginn, eða fulltrúi hans, taka þátt í þessari samvinnu eins og hægt er. Teymisvinna í kringum ákveðna tegund þjónustu, s.s. ákveðnar tegundir búsetuþjónustu eða ákveðin heimili með umfangsmikla þjónustu, er mikil og skilar árangri í samhæfðari vinnubrögðum og betri þjónustu.

2.5. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldusviðs og búsetusviðs. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á árinu 2017 voru gerðir sambærilegir samningar og árið áður, alls fimm samningar vegna sex einstaklinga. Um er að ræða þrjá fullorðna einstaklinga og þrjú börn.

NPA var upphaflega tilraunaverkefni sem átti að ljúka í árslok 2014 en hefur verið framlengt árlega síðan þá. Tilraunaverkefnið var því enn í gangi árið 2017.

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Þróun samningagerðar mun halda áfram og einnig þarf að vinna áfram við að finna bestu lausnirnar varðandi það skilaform sem Akureyrarbær gerir kröfur um er varðar fjárhagsleg skil en það hefur verið þróað í samvinnu við fjárreiðudeild bæjarins.

2.6. Notendaráð í málaflokki fatlaðra

Frá 1999 hefur félagsþjónustan haldið úti samráði við Þroskahjálp á Norðurlandi eystra. Á árinu 2016 var það samráð lagt niður og Akureyrarbær sótti um styrk til Velferðarráðuneytis til að koma á fót Notendaráði fyrir fatlað fólk. Styrkur fékkst, gerðar voru reglur um samráðið og Þroskahjálp, Sjálfsbjörg á Akureyri og Grófinni boðin þátttaka. Á árinu 2017 voru haldnir sex fundir þar sem margvísleg málefni voru rædd og kynnt ýmis þjónusta sem er í boði. Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera og þannig komi notendur þjónustunnar betur sínunum sjónarmiðum á framfæri.

2.7. Öryggisgæsla

Öryggisgæsla fyrir þrjá einstaklinga sem dæmdir hafa verið ósakhæfir er rekin á Akureyri samkvæmt rekstrarsamningi við velferðarráðuneyti og Greiningarstöð ríkisins. Úrræðið felur í sér sviptingu frelsis en markmiðið er einstaklingarnir lifi eins venjulegu lífi og kostur er. Þeir einstaklingar sem um ræðir eru með það miklar skerðingar að þeir geta ekki séð um sig sjálfir og eigi einnig við hegðunarvanda að stríða, þannig að þeir geta verið hættulegir sjálfu sér og öðrum. Tveir starfsmenn gæta hvers íbúa allan vökutíma hans og aðstoða við athafnir daglegs lífs. Íbúðirnar eru sérstaklega útbúnar auk þess sem mönnun tekur mið af því að einstaklingarnir þurfa stöðugt eftirlit. Til að mæta misjöfnum þjónustubörfum er gerður þjónustusamningur við íbúa þar sem fram kemur hversu mikinn stuðning hver og einn þarf bæði innan og utan heimilis, við hvaða verkefni og hversu oft.

2.8. Hugmyndafræði búsetusviðs

Búsetusvið hefur þrjú þætti hugmyndafræði sem myndar þann ramma sem unnið er innan, ásamt bestu þekkingu á hverjum tíma. Lögð er áhersla á að nálgast hvern þjónustubega þar sem hann er staddur og á hans forsendum. Þetta eru hugmyndafræði um Valdeflingu (Empowerment), Þjónandi leiðsögn (Gentle teaching) og Skaðaminnkandi nálgun (Harm Reduction). Síðastnefnda hugmyndafræðin, Skaðaminnkandi nálgun, nær til þrengri hóps en hinar þar sem

hún leiðbeinir um nálgun í þjónustu við fólk sem sýnir áhættu hegðun eins og ofdrykkju, eiturlyfjaneyslu og sjálfskaða eða aðra hegðun af líkum toga. Sérteymi í sértækri heimaþjónustu hafa unnið eftir hugmyndafræði um sjálfstætt líf.

Þjónandi leiðsögn

Hugmyndafræðin „Þjónandi leiðsögn“ á sér langa sögu innan ákveðinna þjónustueininga Búsetusviðs en árið 2014 var ákveðið að innleiða Þjónandi leiðsögn í allri þjónustu sviðsins. Þetta er hugmynda- og aðferðafræði sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Traust, vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum en hefðbundin atferlismótun þ.e. skilyrt umbun og refsing samræmist ekki þeim gildum sem unnið er eftir. Skipulag og lausnir byggðar á mannlegum gildum og kærleika eru notaðar til að aðstoða einstaklinginn til þess að fá dýpri skilning á daglegum viðfangsefnum og athöfnum. Innleiðingafærlíð hófst árið 2014 og lauk formlega á árinu. Í lok árs höfðu allir starfsmenn Búsetusviðs farið á námskeið í Þjónandi leiðsögn. Einnig var áfram unnið að styrkingu leiðtoga (mentora) í Þjónandi leiðsögn. Þjálfun leiðtoganna hófst árið 2014 og miðaðist við að dýpka skilning þeirra á hugmyndafræðinni, fylgja því eftir að innleiðingarferlið skili sér til notenda og veita ráðgjöf og stuðning til starfsmanna. Síðast en ekki síst var haldin alþjóðleg ráðstefna um Þjónandi leiðsögn á Akureyri í september 2016. Ráðstefnunni var mjög vel tekið en búsetusvið og Öldrunarheimili Akureyrar héldu ráðstefnuna í sameiningu og var hún sótt af tæplega 300 fagaðilum allstaðar að úr heiminum. Kristinn Már Torfason, einn forstöðumanna deildarinnar, er varaforseti alheimssamtaka um Þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching International). Á árinu 2017 voru stofnuð samtök Þjónandi leiðsagnar á Íslandi og er Guðrún Guðmundsdóttir forstöðumaður á Búsetusviði formaður þeirra.

Valdefling

Hugmyndafræði Valdeflingar snýst um að efla getu einstaklingsins til að lifa sjálfstæðu lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir og þekkja og nýta réttindi sín. Áhersla er lögð á að notendur séu virkir þátttakendur í eigin lífi og þekking þeirra, reynsla og nærvera sé nýtt sem auðlind inn í þá þjónustu sem verið er að veita. Unnið hefur verið að innleiðingu Valdeflingar samhliða innleiðingu Þjónandi leiðsagnar frá árinu 2014.

Skaðaminnkandi nálgun

Skaðaminnkandi nálgun beinist að því að draga úr eða lágmarka heilsufarslegan, félagslegan og fjárhagslegan skaða sem vímuefnaneysla veldur einstaklingum og samfélögum. Í skaðaminnkandi nálgun er sjónum beint að afleiðingum og áhrifum fíknihæðunar en ekki á notkunina sem slíka.

3. Þjónusta við börn og ungmenni

3.1. Snemmtæk íhlutun


Unnið er eftir hugmyndafræði snemmtæktrar íhlutunar en mikilvægt er að styðja fjölskyldur yngstu barnanna strax þegar fötlun uppgötvast. Þroska- og leikþjálfun er í boði, tekið er þroskamát á börnum þegar það á við og fræðsla um fatlanir, uppeldi og möguleika á þjónustu er veitt til foreldra. Leikfangasafn er starfrækt á deildinni en það er búið sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns. Auk yngstu barnanna hafa öll börn með sérkennslu á leikskólum á svæðinu aðgang að safninu. Á árinu fengu 12 börn og fjölskyldur þeirra snemmtæka íhlutun í heimahúsi miðað við átta árið á undan. Þessi fjölgun sem hefur orðið síðustu ár er aðallega vegna breytts vinnulags en reynt er að grípa inn í með aðstoð þar sem það þar þó ekki sé um staðfesta fötlun að ræða.

Til að ná sem best til allra barna og auka möguleika á að finna börn með sérþarfir og þjónusta þau eru reglulegir samráðsfundir við barnadeild Sjúkrahússins á Akureyri og mikil samvinna er við Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

3.2. Umönnunarmat

Framfærendur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins, ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldusviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir börn með fötlun. Í desember 2017 voru á skrá hjá fjölskyldusviði 171 fjölskylda með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barna sem er fjölgun um eitt barn, sjá mynd 1. Alls voru 69 umsóknir um umönnunargreiðslur afgreiddar á fjölskyldusviði á árinu sem eru fimm fleiri en árið 2016.

Á eftirfarandi mynd má sjá að fötluðum börnum á svæðinu hefur fjölgað umtalsvert frá aldamótum.



Mynd 1

Fötluð börn raðast í þrjá umönnunarflokka þar sem mest fötluðu börnin eru í flokki eitt. Flokkun þessara 171 barns er þannig að níu börn eru í 1. flokki, 56 í 2. flokki og 89 í 3. flokki. Þar að auki eru 17 börn í 4. flokki sem eru metin í sambærilegri stöðu og börn í 3. flokki eða bíða frekari greiningar á Greiningarstöð.

Þegar skoðuð er þróun síðustu sjö ára í skiptingu umönnunarflokka sést að það fækkar börnum í 2. flokki en fjölgar í 3. flokki og í þeim fjórða. Árið 2011 voru börn í 4. flokki ekki talin með en breytt vinnulag Tryggingastofnunar gerir það að verkum að börn sem áður hefðu farið í 3. flokk og þurfa þjónustu úr málaflokki fatlaðra eru nú í 4. flokki og eru talin með sem fötluð á þessu svæði, sjá töflu 3. Þessi breyting er ekki til bóta því hún getur haft áhrif á framkvæmd þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og er til þess fallin að búa til misræmi á landsvísi þar sem skilgreiningar á því hvaða börn fá þjónustu helst oft í hendur við þessa flokkun. Þessar breytingar getur kallað á það að skilgreina þurfi upp á nýtt rétt fyrir þjónustu og ekkert víst að það verði gert eins allstaðar á landinu.

Umönnunarbætur þróun 2011 - 2017							
Flokkur	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
1	9	7	6	7	8	9	9
2	70	66	65	64	60	58	56
3	73	67	65	74	85	85	89
4	0	6	9	12	15	18	17
	152	146	145	157	168	170	171

Tafla 3

3.3. Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur er þjónusta sem er í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Markmiðið er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

Fötluð börn geta oft á tíðum síður en önnur börn nýtt sér almenn tilboð á sviði íþróttar og tómstunda. Með því að veita börnum og fjölskyldum þeirra stuðningsfjölskyldu er reynt að rjúfa þá félagslegu einangrun sem fötlun barns í fjölskyldu getur haft í för með sér. Einnig gefur stuðningsfjölskylda börnunum tækifæri til að upplifa það að gista hjá vinum eins og börn almennt upplifa í sínu nærumhverfi.

Þörf fyrir stuðningsfjölskyldu er metin í hverju tilfelli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarbunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna. Við val á stuðningsfjölskyldu er tekið mið af þörfum fatlaða barnsins. Gerður er verktakasamningur við stuðningsfjölskyldur.

Á árinu 2017 voru 30 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði, sjá töflu 4. Alls voru veittir 923 sólarhringar í þessa þjónustu, sjá töflu 5. Miðað við árið á undan er um verulega fjölgun sólarhringa að ræða en færri börn sem njóta þjónustunnar. Í árslok voru sex börn á bið eftir þjónustu og er ástæðan skortur á fjölskyldum sem eru tilbúnar að taka þetta hlutverk að sér.


Stuðningsfjölskyldur - þjónustusólarhringar				Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu			
	2015	2016	2017		2015	2016	2017
Þjónustuflokkur I	416	296	477	Þjónustuflokkur I	10	9	10
Þjónustuflokkur II	464	245	182	Þjónustuflokkur II	21	11	8
Þjónustuflokkur III	112	327	264	Þjónustuflokkur III	5	16	12
Alls	992	868	923	Alls	36	36	30

Tafla 4

Tafla 5

3.4. Skammtímaþjónusta og skólavistun

Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að ólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvæbörnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðið fatlað fnt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 19 einstaklingar á árinu, 11 voru yngri en 18 ára en 8 fullorðnir. Undanfarin ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn komið inn sem þurfa mikla þjónustu. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2017 voru 1588, þar af 39 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13:00 - 17:00 virka daga fyrir börn/ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6 – 9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Alls nýttu 18 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2017.



Mynd 2



Mynd 3

Markmið skammtímavistunar:

- Skapa aðstæður sem gefa fötluðum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf.
- Gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er.
- Þjálfun fléttist á eðlilegan hátt inn í leik og dagleg störf
- Hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum.
- Upplýfting og skemmtun sé við hæfi hvers og eins.

Markmið skóla- og sumarvistunar:

- Lögð er áhersla á að vistunin sé fastur punktur í tilverunni, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki að skóladegi loknum.

- Hlúð er að grunnþörfum barnanna með virkri þátttöku þeirra. Með virkri þátttöku er átt við að ýtt er undir sjálfsbjargargetu í athöfnum daglegs lífs með einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- Skapa börnunum skilyrði til að efla félagsfærni sína.
- Vera í virku samstarfi við skóla og heimili.

Í skammtíma- og skólavistun er lögð áhersla á fjölbreytni og skemmtun. Þjónustan er skipulögð út frá því að mæta gestum á einstaklingsgrundvelli og nýta þeirra styrkleika. Horft er á mikilvægi þess að viðhalda og auka þá færni sem er til staðar í gegnum leik. Lögð er áhersla á útivist, hreyfingu og skapandi starf eins og hægt er fyrir hvern og einn.

4. Fullorðnir og fjölskyldur þeirra

4.1. Ráðgjöf

Fatlaðir einstaklingar sem búa hjá foreldrum eða í búsetu með þjónustu hafa aðgang að sérhæfðri ráðgjöf hjá félagsþjónustunni. Ráðgjöfin snýr að ýmsu því sem varðar búsetu, fjármál, atvinnumál og önnur persónuleg mál. Milli 90-100 einstaklingar og fjölskyldur þeirra voru í tengslum við ráðgjafa á fjölskyldusviði á árinu og fengu sérhæfða ráðgjöf.

Áhersla hefur verið lögð á að fatlað fólk sem fær þjónustu á heimili sínu eigi tengilið á fjölskyldusviði þar sem viðkomandi getur komið óskum sínum um aðstoð og annað í daglegu lífi á framfæri. Ráðgjafinn er í mikilli samvinnu við búsetusvið. Síðari ár hefur samvinna við réttindagæslumann fatlaðra aukist jafnt og þétt. Fulltrúar fjölskyldusviðs auk búsetusviðs sitja í teyllum sem mynduð hafa verið um búsetu og ýmis önnur samstarfsverkefni. Ráðgjafar í málefnum fatlaðs fólks veita öðrum sviðum og þjónustustofnunum bæjarins ráðgjöf varðandi þarfir og aðstoð við fatlað fólk sem þangað sækja þjónustu. Auk þess er mikil samvinna við aðrar stofnanir sem veita sameiginlegum notendum þjónustu, bæði á Akureyri og annars staðar á landinu.

Á haustdögum var ákveðið að hrinda af stað verkefni sem beynist að því að auka ráðgjöf vegna einhverfra í þjónustu beggja sviða. Gerð var verkefnalýsing sem hafist var handa við að vinna eftir og er þeirri vinnu ekki lokið.

Eins og áður hafa starfsmenn fjölskyldusviðs tekið þátt í verkefni á landsvísi sem snýr að samskiptum kynjanna. Unnið er út frá kennsluefninu „Verum örugg“ sem María Jónsdóttir, félagsráðgjafi bjó til og hefur gefist vel. Ungt fatlað fólk sem sækir ráðgjöf á fjölskyldusvið fær fræðslu út frá efni þar sem mikil áhersla er lögð á kynheilbrigði og samskiptareglur. Að auki hafa sjö einstaklingar fengið viðtæka fræðslu og kennslu út frá sama kennsluefni á sl. ári.


4.2. Búsetuþjónusta

Búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk má skipta í tvo meginflokka. Annarsvegar er um að ræða sérstök búsetuúrræði, þ.e. búsetukjarna, sambýli og áfangaheimili þar sem veitt er umfangsmikil þjónusta og starfsmenn eru með samfellda viðveru, og hins vegar þjónustu við einstaklinga sem búa í húsnæði sem þeir eiga eða leigja á eigin vegum¹. Hið síðarnefnda er kallað sértæk heimaþjónusta en fellur undir hugtakið frekari liðveisla sem notað er í lögum um málefni fatlaðs fólks.

Öll búsetuþjónusta er einstaklingsmiðuð og veitt á grundvelli stuðningsþarfar hvers og eins þjónustuþega. Í nokkrum tilfellum er sértæk heimaþjónusta veitt frá búsetukjarna, sambýli eða áfangaheimili og kallast þá utankjarnaþjónusta til aðgreiningar. Á þann hátt er hægt að veita ráðgjöf, þjónustu, stuðning og öryggi sem felst í því að vera í mikilli nálægð við sólarhringsþjónustu án þess að flytja inn í þjónustukjarnann.

Á myndinni hér að neðan má sjá hver þróunin hefur verið í búsetumálum fatlaðs fólks síðustu 10 ár en helsta breytingin er að þeim fækkar sem búa á sambýlum en fjölgar sem búa í þjónustukjörnum og einnig fá fleiri íbúar frekari liðveislu.

¹ Leiga á almennri félagslegri leiguíbúð telst hér til leigu á eigin vegum.



Mynd 4

4.2.1. Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk

Í 10. grein VI. kafla laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er kveðið á um að fatlað fólk skuli eiga kost félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Búsetuúrræðin skulu vera í íbúðabyggð og staðsett nærri almennri og opinberri þjónustu sé þess kostur.

Umsóknir um áfangaheimili berast þó til búsetudeildar, þar sem ekki er um eiginlegt húsnæðisúrræði að ræða heldur tímabundið úrræði.

Í þjónustukjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Fyrst eftir að stofnanir eins og Sólborg lokuðu voru keypt stór einbýlishús og þar bjuggu saman í hefðbundnum fjölskylduhúsum fjórir til sjö fatlaðir einstaklingar. Þar sem húsnæðið var ekki byggt með þessa starfsemi í huga voru herbergin lítil og misjöfn að stærð og oftast en ekki eitt salerni fyrir alla íbúa og starfsfólk. Við það bættist að í fæstum tilfellum höfðu íbúar eitthvað um það að segja hvort þeir vildu svo náið sambýli. Því hefur það lengi verið baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra að bæta búsetuþjónustu við þennan hóp þannig að hver og einn hafi einkarými sem stenst lágmarkskröfu byggingareglugerðar. Í lok desember 2017 var þó enn búseta í þremur herbergjasambýlum. Tvö þessara sambýla, að Hafnarstræti 16 og Snægili 1, voru byggð á níunda áratug síðustu aldar og þóttu þá mikið framfaraspor. Í þessum húsum eru öll herbergin rúmgóð og í öðru eru salerni og baðaðstaða inn af herbergjum.

Þjónustukjarnar eru nokkrar íbúðir sem eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eda starfsmannaaðstaða. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu og stuðning íbúarnir fá en það fer eftir þörfum hvers og eins. Þeir sem þurfa minnstu þjónustuna fá aðeins stuðning nokkrum sinnum í viku, aðrir þurfa mun meira. Til að mæta misjöfnum þjónustuþörfum er gerður þjónustusamningur við íbúa þar sem fram kemur hversu mikinn stuðning hver og einn þarf bæði innan og utan heimilis, við hvaða verkefni og hversu oft.

		2014		2015		2016		2017	
Tegund búsetu		Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi
Klettatún	Þjónustukjarni	8	8	8	8,5	8	8,5	6	8,5
Borgargil	Þjónustukjarni			6	14	6	14	6	13,75
Geislatún	Þjónustukjarni	5	9,9	5	9,9	5	10,1	5	10,1
Hafnarstræti	Herbergjasambýli	5	9,1	5	9,1	5	8,6	5	9,1
Jörvabyggð	Herbergjasambýli	6	2	6	2	5	4,8	5	4,8
Þrastarlundur	Þjónustukjarni	7	16	7	16	8	18	7	18,7
Snægil	Herbergjasambýli	6	9,4	6	9,4	6	8,8	6	9,4
Kjalarsíða	Þjónustukjarni	7	9,7	6	7,9	6	9,6	6	9,5
Hafnarstræti ²	Þjónustukjarni	6	10	6	16,2	6	23,5	6	25,9
Hamratún ³	Áfangaheimili	6	4,1	6	4,1	6	4,1	7	4,27
Vallartún	Þjónustukjarni	5	8,6	5	8,6	5	8,6	6	8,95
Skútagil	Þjónustukjarni	6	4,1	6	4,1	6	4,1	6	4,27
Hvammshlíð	Herbergjasambýli	4	3,9						
Samtals		74	94,8	75	109,8	76	122,7	73	127,3

Tafla 6

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði valdeflingar og þjónandi leiðsagnar og lögð áhersla á að leita eftir vilja einstaklingsins og láta valdið í hans hendur. Stuðningurinn er framkvæmdur á forsendum þess sem hann fær en ekki þess sem veitir. Í töflu 6 sést hvaða þjónustukjarnar og sambýli hafa verið starfrækt frá árinu 2013, hversu margir búa á hverjum stað og fjöldi stöðugilda. Stöðugildum hefur fjölgað umtalsvert á milli ára en það má m.a. rekja til aukinnar mönnunar í öryggisvistun um 7,3 stöðugildi og aukinnar þjónustu í Þrastarlundi vegna sérúrræðis fyrir barn með verulega þjónustubörf og aukinnar mönnunar í Jörvabyggð vegna þess að íbúarnir eru að eldast og þurfa meiri aðstoð.

Í Hamratúni er áfangaheimili fyrir fólk með geðröskun, fimm íbúðir til búsetu og sameiginleg íbúð sem nýtt er fyrir þjálfun/kennslu, fræðslu/félagsstarf og samveru íbúa. Sex einstaklingar bjuggu þar árið 2017. Búseta þar er tímabundin og setja íbúar sér markmið með dvölinni sem miðar að því að þeir geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Íbúum er meðal annars leiðbeint við þau verk og athafnir sem fólk tekur þátt í til að annast sig sjálft, njóta lífsins og vera nýtir þjóðfélagsþegnar. Mikið og gott samstarf er við geðdeild sjúkrahússins á Akureyri sem veitir stuðning og ráðgjöf.

Á síðasta ári nutu 73 einstaklingar þjónustunnar, þar af sjö á áfangaheimilinu. Aðrir búa í þjónustukjörnum eða sambýlum.

Á árinu 2017 var hafist handa við hönnun nýs búsetukjarna í sem á að leysa af hólmi herbergjasambýlið í Jörvabyggð. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2018 og að kjarninn verði tekinn í notkun árið 2019. Ljóst þykir að byggja þarf fleiri kjarna á næstu árum til að mæta uppsafnaðri þörf og vaxandi eftirspurn.


² Þrír einstaklingar í öryggisgæslu eru meðtaldir.

³ Hluti af sértækri heimaþjónustu

4.2.2. Sértek heimþjónusta

Sértek heimþjónusta/frekari liðveisla er þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þetta er sú aðstoð sem þarf til viðbótar við heimilishjálp og félagslega liðveislu, til þess að fólk með fötlun geti haldið eigið heimili og felur hún í sér margháttaða aðstoð, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Teymi fagfólks leggur mat á sérstaka stuðningsþörf umsækjanda og hvernig koma megi til móts við þarfir viðkomandi. Undir sérteka heimþjónustu falla nokkur mismunandi úrræði eins og sjá má á mynd 5 hér fyrir neðan. Á hverjum tíma dvelja 5 einstaklingar á áfangaheimili fyrir einstaklinga með geðröskun. Þetta er endurhæfingarúrræði þar sem markvisst er unnið með þjónustuþegum að því að auka sjálfstæði þeirra með það að markmiði að þeir lifi sem sjálfstæðustu lífi. Samkvæmt síðustu tölum þá ná um 70% þessara einstaklinga verulegum bata og geta flutt í sjálfstæða búsetu og stundað vinnu. Einnig hafa 3 einstaklingar og talsmenn þeirra valið að kaupa húsnæði og veitir búsetusvið þessu sambýli sérteka heimþjónustu


Sértek heimþjónusta, mismunandi úrræði



Mynd 6


Frekari liðveisla er sú aðstoð sem þarf til viðbótar við heimilishjálp og félagslega liðveislu, til að fólk með fötlun geti haldið eigið heimili og felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Árið 2017 fengu 35 einstaklingar á Akureyri sérteka heimþjónustu (frekari liðveislu) og einn utan Akureyrar sem naut þjónustu frá Akureyrarbæ. Að auki fékk einn einstaklingur frekari liðveislu frá heimasveitarfélagi sem Akureyrarbær greiddi fyrir.

Meðalvinnustundir á ári eftir þjónustuhópum



Mynd 7

Frekari liðveisla er á höndum nokkurra forstöðumanna en flestir falla þó undir heimaþjónustu B eða 19 einstaklingar. Innan heimaþjónustu B eru 3 sérhæfð teymi þar af sér eitt teymi um þjónustu við langveika einstaklinga sem búa í heimahúsi, eitt teymi sér um verulega líkamlega fatlaðan einstakling í heimahúsi og þriðja teymið sinnir þroskaskertum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu.



Mynd 8


Eins og sjá má á mynd 7 fjölgar ört þeim einstaklingum sem þurfa sértæka heimaþjónustu (frekari liðveislu). Algengara er nú en áður að einstaklingar sem fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima í stað þess að flytjast á stofnun þrátt fyrir mikla þjónustubörf. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Ef þörf er á þjónustu heimahjúkrunar er hún skipulögð í samvinnu við heimaþjónustu. Aðilar skipta þá með sér verkum en sumum verkum sinna starfsmenn heimahjúkrunar og heimaþjónustu saman. Mikil samvinna er við heimahjúkrun í allmörgum tilfellum.

4.3. Annar stuðningur við búsetu

Langflestir þeirra sem fá sérþjónustu skv. lögum um málefni fatlaðs fólks, búa á Akureyri og áhrif samþættingar sérþjónustunnar við almenna þjónustu eru eðli málsins samkvæmt mest á Akureyri.

Eins og getið er að framan hefur verið unnið að því að auka og þétta samvinnu heimahjúkrunar og heimaþjónustu. Sú samvinna nýtist á öllu heilsugæslusvæðinu. Eitt af samvinnuverkefnum heimaþjónustu og heimahjúkrunar eru næturvaktir. Akureyrarbær greiðir helming kostnaðarins sem telst félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun (heilsugæslustöðin) hinn helminginn. Í sumum tilfellum er um föst innlit að ræða en í öðrum tilfellum hringir fólk eftir aðstoð þegar þörf er á. Sumir sem nota þessa þjónustu eru fatlaðir íbúar í þjónustukjöllum eða sjálfstæðri búsetu (fá frekari liðveislu) og hefur reynst vel.


Stöðug þróun hefur verið í heimaþjónustu Akureyrarbæjar og eitt dæmi þess er það sem kallað er „ráðgjöfin heim“. Þjónustunni er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf og aðstoða einstaklinga með fötlun af margvíslegum toga við að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs bæði á heimili og úti í samfélaginu. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu þ.e. ráðgjafinn veitir stuðning og fræðslu sem miðar að því að notendur þekki rétt sinn og möguleika til þátttöku í samfélaginu og öðlist meira vald yfir lífi sínu. Á árinu 2017 fengu 47 einstaklingar þjónustu ráðgjafarinnar heim, 32 konur og 15 karlar. Frá árinu 2007 hefur því orðið rúmlega helmingis aukning á fjölda þeirra sem njóta þessarar þjónustu. Konur eru í meirihluta árið 2017 eins og árin áður en tölur eru ekki til um kynjahlutfall þeirra sem fengu ráðgjöfina heim fyrir árið 2015.



Mynd 9

„Gránufélagsteymið“ er þjónusta fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 10:00 til kl. 20:00 alla daga vikunnar. Veitt er aðstoð við innkaup, erindrektur, áminningar um lyfjatöku og almenn aðstoð við athafnir daglegs lífs eftir þörfum. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um skaðaminnkandi nálgun (Harm Reduction) sem miðar að því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Íbúarnir þurfa mjög mismunandi þjónustu en reynt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Á árinu 2017 fengu 23 einstaklingar þjónustu frá Gránufélagsteyminu og hefur fjöldinn minnkað frá 2014. Allir þjónustunotendur eru karlar. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu hver og einn fær á hverjum tíma og ræðst það af þörf og aðstæðum einstaklingsins. Starfandi er fagteymi geðlæknis,

félagsráðgjafa, þroskaþjálfara og forstöðumanns sem er iðjuþjálfari. Hlutverk þess er að móta þjónustuna og vera til ráðgjafar um það sem upp kemur í starfseminni.




Mynd 9

Forstöðumaður búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða hefur stýrt þjónustunni þó að hún sé hluti af félagslegri heimaþjónustu en á árinu var hafin undirbúningur að því að auka fagmönnum í teyminu og færa forstöðu þess yfir til „heimaþjónustu Stoðar“ til að auka samstarf og samlegð með annarri heimaþjónustu.

4.4. Biðlistar eftir búsetuþjónustu

Á biðlista eftir búsetu voru 29 einstaklingar í árslok 2017. Nítján voru á bið eftir þjónustukjarna en 10 á bið eftir áfangaheimili. Auk þess eru tveir einstaklingar á biðlista eftir flutningi í þjónustukjarna vegna aukinna stuðningsþarfa.

Umsóknir um sértæka búsetu



Mynd 10

4.5. Styrkir til náms og verkfæra- og tækjakaupa

Styrkir til náms og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Styrkir til greiðslu námskeiðs- og skólagjalda voru að þessu sinni látnir ganga fyrir styrkjum til tækjakaupa. Alls bárust 28 gildar umsóknir, 23 voru vegna námskostnaðar og fimm vegna tækjakaupa frá 20 einstaklingum. Úthlutað var 1.285.158 kr. sem er heldur hærri upphæð en úthlutað var árinu áður en nokkru lægri en árið 2015 sbr. töflu 7.

	2014	2015	2016	2017
Styrkir skv. 27. gr.	1.630.551	1.666.676	737.553	1.285.158

Tafla 7

4.6. Plastiðjan Bjarg-löjulundur



4.6.1. Hlutverk

PBI starfar skv. lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996. Í 9. grein laga um málefni fatlaðs fólks kemur fram að starfrækja skuli verndaða vinnustaði og önnur ákvæði laganna kveða á um að fólk með fötlun skuli njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

Í lögnum er kveðið á um að þeir eigi rétt á þjónustu sem eru með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum eða slysum. Á hverjum tíma nýtir fjöldi einstaklinga sér þjónustu á PBI og nauðsynlegt er að í boði séu fjölbreytt störf fyrir þann hóp sem sækir um á hverjum tíma og eiga rétt skv. lögum.

Meginuppistaða verkefna á PBI er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleitt er m.a. raflagnaefni, kerti, búfjármerki, mjólkursiur, diskapurkur, klútar og skilti. Stærsta þjónustuverkefnið er móttaka á einnota drykkjarvöruumbúðum fyrir Endurvinnsluna hf. Tekið er á móti skilaskyldum drykkjarvöruumbúðum fyrir norður- og austuland og frá Ísafirði.

Allar umsóknir á PBI berast í gegnum vef Vinnumálastofnunar. Helstu tilvísendur á PBI eru m.a. Geðdeild SAK, Endurhæfingardeild SAK á Kristnesi, Fjölskyldusvið, Búsetusvið, VMA, og VIRK Starfsendurhæfingarsjóður.

4.6.2. Starfsþjálfun

Starfsþjálfun er ætluð einstaklingum á aldrinum 18-70 ára. Stafþjálfun er tímabundin og er hugsuð til sex mánaða í senn en hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga, ef þörf er á frekari þjálfun eða ef bið er á öðrum atvinnutilboðum. Markmiðið með starfsþjálfun er að þjálfa einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Sérstakur matslisti er notaður við mat á starfsgetu sem eykur skilvirkni og flýttir fyrir aðkomu fatlaðra á almennan vinnumarkað.

Í starfsþjálfun voru 39 einstaklingar í tímabundinni ráðningu, 21 karl og 18 konur, í 11 stöðugildum. Af ofangreindum fjölda fengu fjórir einstaklingar starf á vegum Atvinnu með Stuðningi (AMS), þrír einstaklingar fengu ótímabundna ráðningu og einn starfsmaður fór yfir á örorkuvinnusamning. Sex einstaklingar hættu vegna veikinda eða annarra ástæðna.

Vinnugeta starfsmanna er mis mikil og eru laun greidd skv. starfsmati Hlutverks -Samtaka um vinnu og verkþjálfun. Matið er ætlað til að meta vinnugetu og ákvarða röðun í launaflokka. Allir í starfsþjálfun og starfsendurhæfingu eru félagsmenn í Einingu- Iðju og njóta í öllu þeirra kjara sem félagsmenn Einingar-Iðju fá. Alls fóru tveir einstaklingar úr starfsþjálfuninni í sumarvinnu á vegum Akureyrarbæjar sumarið 2017 í fimm vikur.

Sumarvinnan hefur oft verið mikilvægt skref í átt að þátttöku á almennum vinnumarkaði. Eins og áður sagði hættu 6 manns án þess að fá aðra úrlausn í atvinnumálum. Þar er um að ræða fólk með ýmis vandamál, s.s. geðsjúkdóma, áfengisvanda og önnur vandamál.

Starfsþjálfun 2017	
Fjöldi einstaklinga metinn skv. starfsgetu	
30% laun	27 einstaklingar
50% laun	12 einstaklingar

4.6.3. Ótímabundin ráðning

Ótímabundin ráðning (áður kölluð vernduð vinna) er fyrir einstaklinga á aldrinum 18-70 ára og er ætluð starfsmönnum sem lokið hafa starfsþjálfun en geta ekki nýtt sér önnur atvinnutilboð á (almennum)vinnumarkaði. Stafsgeta einstaklinga er metin í 30, 50, 70 eða 90%. skv. starfsmati Hlutverks. Mat/endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Laun eru greidd í hlutfalli við starfsgetu. Hámarksstarfshlutfall er 50% en lágmark 20%. Á árinu 2017 voru alls 21 einstaklingar í ótímabundinni vinnu. Karlar voru níu og konur 12.

Ótímabundin ráðning 2017	
Fjöldi einstaklinga metinn skv. starfsgetu	
30% laun	7 einstaklingar
50% laun	8 einstaklingar
70% laun	5 einstaklingar
90% laun	1 einstaklingur

4.6.4. Fast starfsfólk

Verkstjórar og yfirmenn voru níu á árinu. Í lok ársins eru 8 manns í verkamannastöðum á PBI, auk fjögurra sem voru á örorkuvinnusamningum.

4.6.5. Afkoma

Verkefnastaða árið 2017 var ágæt. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug og sala dýfðra kerta svo og útikerta var sú sama og á árinu 2016. Dreifing á kertum fer fram í góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber. Endurbætur voru unnar á rými kertagerðarinnar og ný kertadýfingarvél var tekin í notkun á haustdögum 2017. Afkastageta nýju vélarinnar er meiri en þeirrar sem leyst var af hólmi og auðveldar starfsmönnum vinnu og léttir á líkamlegu álagi. Tækjabúnaður PBI er margur kominn til ára sinna og úr sér genginn. Endurbætur og viðhald véla og tækja eru mikilvægar svo hægt sé að halda starfsemiinni í fullum gangi. Nauðsynlegt var að kaupa nýja loftpressu þar sem ekki var lengur hægt að gera við þá sem fyrir var og ný skrufél var einnig keypt svo og nýtt færiband við plaststeypuvél. Þessar umbætur voru kostnaðarsamar en eru til mikillar hagræðingar og auðveldar starfsfólki PBI vinnuna.

Heildartekjur PBI árið 2017 voru að fjárhæð kr. 150.188 þúsund í stað 128.851 þúsund árið 2016. Um er að ræða 16.56% aukningu tekna milli ára sem skýrist m.a. af því að ráðist var í verðhækkanir á rafmagnsefni árinu.

Rekstur PBI var 84.33 % af fjárhagsáætlun sem gerð var fyrir rekstrarárið 2017

4.7. Skógarlundur - miðstöð virkni og hæfingar



Í Skógarlundi er fötluðu fólki veitt þjónusta í formi hæfingar og iðju, sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðs fólks frá 1992. Þar segir „Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa sem og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, sem og dagvistarstofnanir fyrir fatlað fólk sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.“

Markhópur Skógarlunda er fatlað fólk sem ekki hefur getu til að starfa á vinnumarkaði og er á aldrinum 20 til 70 ára.

4.7.1. Markmið Skógarlunda/Birkilunda:

- ✳ Einstaklingur upplifi vellíðan og öryggi.
- ✳ Efla og viðhalda frumkvæði einstaklings.
- ✳ Einstaklingur sé í virkni.
- ✳ Efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklingsins.
- ✳ Viðhalda og auka þá færni sem einstaklingur hefur náð.
- ✳ Einstaklingur hafi möguleika á að útskrifast í starfsþjálfun.

4.7.2. Tölulegar staðreyndir um þjónustu

Í Skógarlundi fengu 50 einstaklingar þjónustu á árinu 2017. Í árslok voru þeir 47 en 3 þjónustuþegar létust á árinu. Notendur í þjónustu Skógarlunda fengu allir þjónustu að hámarki fjórar klukkustundir á dag, utan einn sem fékk þjónustu í átta klukkustundir. Í árslok 2017 voru 17 starfsmenn í starfi í 14,90 stöðugildum. Vegna veikinda og fæðingarorlofs starfsmanna störfuðu í heildina 23 starfsmenn á árinu í Skógarlundi, á mismunandi tímum. Starfsstéttirnar sem störfuðu í Skógarlundi árið 2017 eru: þroskaþjálfar, þ.m.t. forstöðumaður, iðjuþjálfar, myndmenntakennari, íþróttifræðingur, félagsliðar og almennir starfsmenn.

Starfið í Skógarlundi er í stöðugri þróun. Meiri áhersla hefur verið lögð á hópastarf, einstaklingsvinnu, útivist og hreyfingu, en áður svo eitthvað sé nefnt. Notendur Skógarlunda voru með sýningar á verkum sínum, annars vegar í Deiglunni og hins vegar í Skógarlundarhúsinu. Þessar sýningar voru sjálfstæðar en undangengin ár hafa sýningar

Skógarlundar verið í tengslum við List án landamæra. Árlegur aðventu- og jólamarkaður var haldinn einungis í einn dag sem var laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Allur varningur sem þar var seldur var unnin af notendum Skógarlundar. Jólagleði var haldin að venju í byrjun desember. Opið hús var á vordögum og Dagur góðra verka var á haustdögum.



Hjólatúr

Þjónustustundir voru 44.496 klukkustundir og fækkaði þeim frá árinu 2016. Ástæða fækkunar þjónustustunda er m.a. sú að margir notenda eru farnir að reskjust og er orðnir getuminni og óska eftir því að fara ekki í eins mikla þjónustu utan heimilis.

Allflestir notenda voru í þjónustu í fjórar klukkustundir á dag utan einn sem var í þjónustu allan daginn. Einn er í þjónustu hálfan daginn í Skógarlundi og vinnur á PBI hálfan daginn. Einn er í þjónustu í tvo hálfra daga í Skógarlundi og þrjá hálfra daga á PBI. Annar er þrjá hálfra daga í Skógarlundi og tvo á PBI. Einn einstaklingur sem er eldri en 70 ára fær þjónustu í Skógarlundi.

4.7.3. Þjónustunotendur

Þjónustunotendur eru breiður hópur fólks með ólíkar þjónustuþarfir. Árið 2017 voru flestir með þroskaraskanir, en einnig voru í þjónustu fólk með áunnin heilaskaða, fólk með einhverfu og fólk með samþætta sjón og heyrnarskerðingu (daufblindu). Búsetuform notenda er mismunandi. Allflestir búa einir í íbúðum og fá þar þjónustu. Nokkrir deila húsnæði með öðrum fötluðum einstaklingum og nokkrir búa í foreldrahúsum.



Listaverk fæðist

4.7.4. Starfsmenn

Í árslok 2017 störfuðu 17 starfsmenn í Skógarlundi í 14,90 stöðugildum.

Þar störfuðu þroskaþjálfar þ.m.t. forstöðumaður, myndlistakennari, iðjuþjálfar, félagsliðar, íþróttafræðingur og almennir starfsmenn. Í stöðum almennra starfsmanna starfar einn leikskólakennari og einn sjúkraliði.

4.7.5. Innra starf í Skógarlundi

Starfsemin fer fram í vestur og suðurálmum Skógarlunda. Heimasvæði fólks er í annarri hvorri álmunni en fólk sækir tilboð í báðar álmur hússins og gefst það mjög vel.

Á árinu 2017 voru 25 einstaklingar með heimasvæði í hvorri álmu.

Í vesturálmum er fólk sem m.a. þarf mikla ummönnun. Þar byggir starfsemin á alhliða skynupplifun, líkamspjálfun, boðskiptum, félagshæfni og tómstundum.

Starfsemin byggir einnig á léttum vinnuverkefnum, sköpun, félagsstarfi, umönnun og að njóta afþreyingar. Unnið er eftir hugmyndum um starf með fullorðnu fólki sem farið er að tapa starfsgetu og mikilvægi afþreyingar í lífi fólks.



Á leið í Skagafjörð



Race runner

Í suðurálmum er fólk sem er nokkuð virkt í starfi en þarf eftir sem áður mikla aðstoð við ýmsar athafnir. Megináhersla þar er lögð á skapandi starf.

Í suðurálmunni voru þrjú vinnusvæði sem hvert fyrir sig hafði ákveðna sérhæfingu. Þessi svæði eru: textilsvæði, svæði þar sem unnið er með leir og gler og svæði þar sem unnið er við kortagerð og myndmennt ýmiskonar. Í suðurálmunni eru framleiddir listmunir og nytjamunir sem notið hafa mikilla vinsælda. Þó framleiðslan á deildinni sé í stöðugri þróun hefur aðeins dregið úr flóknari viðfangsefnum vegna minnkandi getu fólks. Áfram er unnið við plastverkefni frá PBI.

4.7.6. Hugmyndafræði

Unnið er eftir hugmyndafræði TEACCH um skipulögð vinnubrögð og skynupplifun í báðum álmum hússins.

Skipulögð vinnubrögð er hugmyndafræði ætluð fólki með einhverfu og öðrum með alvarlegar boðskiptahamlaðir. Þar er gengið út frá því að nýta sjónræna styrkleika og því eru útbúnaðar

myndrænar stundatöflur, rými er afmarkað á sjónrænan hátt og vinnukerfi útbúið eftir þörfum hvers og eins.

Hugmyndafræði Þjónandi leiðsagnar hefur verið innleidd í starfsemi Skógarlundar en þar er byggt á grunnhugmyndum um gagnkvæm tengsl og að við séum öll háð hvert öðru á einn eða annan hátt. Þjónandi leiðsögn gerir kröfur til þess að umönnunaraðili horfi inn á við og nýti það góða sem býr innra með hverjum manni og finni leiðir til að gefa af sér hlýju og skilyrðislausa umhyggju í garð annarra.

4.8. Lautin – athvarf fyrir geðfatlaða

Lautin, dagathvarf fyrir fólk með geðraskanir, er rekin í nafni Rauða kross Íslands – Akureyrardeildar, með samstarfssamningi þeirra við Akureyrarbæ og Geðverndarfélag Akureyrar. Lautin er opin virka daga kl. 9:30 – 15:45. Auk þess sjá sjálfboðaliðar Rauða krossins um að hafa opið á laugardögum yfir vetrartímann og aðra hvora viku yfir sumartímann. Starfsmenn í árslok voru þrír starfsmenn í 2.8 stöðugildum. Gestir voru að meðaltali 15 hvern virkan dag árið 2017 en alls sækja um 60 manns Lautina að staðaldri og eru kynjahlutföll nokkuð jöfn. Markmið Lautarinnar er að auka á ýmsan hátt stuðning til að rjúfa einangrun, stuðla að tengslamyndun og aðstoða geðfatlaða til virkni í samræmi við eigin getu. Starfsemin er í Brekkugötu 34 og er húsnæðið í eigu Akureyrarbæjar sem leggur það til, ásamt öllu viðhaldi utan sem innan. Verkefnisstjórn setur starfsemi Lautarinnar ramma í samstarfi við forstöðumann og er honum til ráðuneytis.

Athvarfið býður upp á félagsskap, skjól, vernd, hlýju og umönnun, en einnig virkni og ábyrgð. Laut býður upp á heitann mat í hádeginu og kaffi. Gestir geta tekið þátt í að elda og fá þá matinn án endurgjalds. Mikið er lagt upp úr að hafa hollan og góðan heimilismat og skapa góða stemningu við matarborðið. Fyrir marga af gestum Lautar er þetta eina máltíð dagsins og því mikilvægt að hún sé sem best og huggulegust.

Boðið er upp á bað- og þvottaaðstöðu, hvíldarherbergi, aðgang að tölvu og nettengingu. Dagblöðin eru lesin, spjallað, hlustað á tónlist, spilað og teflt. Einnig er farið á kaffihús, listviðburði, í sund, tónleika, leikhús og bíó. Ferðafélagið Rjúkandi sér um að skipuleggja styttri og lengri ferðir og annaðhvort ár er stefnt að utanlandsferð.

Húsfundir eru bæði formlegir og óformlegir þar sem gestir og starfsfólk ræða saman um starfseminu og mál sem kunna að koma upp í daglegu lífi Lautar.

Lautin er í samstarfi við Fangelsismálastofnun og þar getur fólk tekið út samfélagsþjónustu sem það hefur verið dæmt til. Náíð samstarf er einnig við “Atvinnu með stuðningi” og kemur fólk þaðan í atvinnuþjálfun. Einnig má nefna samstarf við Fjölmenn, Símei og Punktinn hvað varðar ýmisskonar námskeið. Þátttaka í starfi Lautarinnar getur verið hluti af endurhæfingaráætlun einstaklinga og verið góð viðbót við þá möguleika sem eru til staðar á svæðinu.

5. Rekstrarafkoma 2017

Kostnaður við rekstur þjónustuvæðisins hefur frá upphafi verið nokkuð umfram þær tekjur sem ætlað er að standa undir þjónustunni. Frá yfirfærslu málaflokksins árið 2011 og 2012 var halli á rekstrinum þótt árið 2012 hafi rekstrarlega komið talsvert betur út en árið á undan. Árið 2013 stóðu tekjur hins vegar undir rekstri, en árið 2014 var verulegur halli á málaflokknum og jókst sá halli enn á árinu 2015 eins og sjá má í töflu 7. Árið 2016 eru tekjur málaflokksins umfram rekstrarkostnað sem skýrist að mestu af 130 m.kr. uppgjöri vegna reksturs öryggisgæslu fyrir ríkið undangengin ár.

Aukinn rekstarkostnað á árinu 2016 má rekja til mikilla afturvirkra launahækkana m.a. vegna nýs starfsmats, reksturs nýs þjónustukjarna í Borgargili og aukinnar þjónustu við nokkra einstaklinga í brýnni þörf. Að auki breyttust útreikningur á húsnæðiskostnaði sem jók kostnað málaflokksins.

Í töflunni hér að neðan er kostnaðurinn sundurliðaður, niðurstaðan er eins og hún birtist í bókhaldskerfi Akureyrarbæjar en tölur eru námundaðar að næsta þúsundi.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Ægisgata, sambýli	30.549	-	-	-	-	-	-
Brálundur, sambýli	62.466	-	-	-	-	-	-
Hafnarstræti, þjónustukjarni		66.531	69.584	87.827	137.007	-51.048	58.233
Búsetuþjónusta við geðfatlaða	74.205	108.919	116.221	129.612	141.048	154.515	160.869
Hafnarstræti, sambýli	67.560	69.111	43.238	-	-	-	-
Geislatún, íbúðasambýli	63.866	72.407	100.702	-	-	-	-
Geislatún íb.samb. og Hafnarstræti samb.	-	-	-	161.748	180.513	185.162	199.978
Jörvabyggð, sambýli	10.923	12.604	13.168	-	-	-	-
Þrastarlundur, þjónustukjarni	117.432	121.195	131.294	-	-	-	-
Þrastarlundur og Jörvabyggð	-	-	-	162.778	205.680	217.925	260.049
Kjalarsíða, þjónustukjarni	71.754	80.145	86.551	-	-	-	-
Snægil, sambýli	74.188	76.127	69.495	-	-	-	-
Snægil og Kjalarsíða	-	-	-	177.905	191.245	202.186	212.550
Dvergagil, sambýli	44.750	47.907	41.582	-	-	-	-
Búsetuþjónusta við Glerá	-	32.722	28.035	34.052	40.917	48.322	45.221
Klettatún, þjónustukjarni	64.250	67.363	68.042	78.005	84.807	-	-
Þjónustukjarni Borgargili	-	-	-	-	107.665	-	-
Þjónustukjarni Borgargili og Klettatún	-	-	-	-	-	217.570	236.842
Húsnæðiskostnaður búsetudeildar	-	-	29.191	26.950	52.099	45.802	43.010
Frekari liðveisla	56.000	62.000	63.500	76.123	105.012	127.021	131.285
Skammtímavistun	53.859	71.777	71.705	83.458	73.689	81.916	82.757
Stuðningsfjölskyldur	13.787	13.788	16.227	16.227	16.227	16.227	16.227
Skógarlundur, hæfingarstöð	104.032	117.088	113.382	123.525	125.926	128.286	138.077
Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur	93.921	93.068	94.237	107.844	98.433	88.939	83.567
Styrkur skv. 27. grein	1.974	1.962	1.474	1.631	1.667	738	1.285
NPA, Notendastýrð þjónusta	-	-	13.446	46.442	50.339	52.716	56.664
Stjórnun og ráðgjöf	59.505	65.384	68.476	72.809	78.568	68.463	74.171
Ýmis kostnaður	34.231	45.082	17.751	17.924	17.786	19.804	20.722
Samtals rekstrarkostnaður	1.099.252	1.225.180	1.257.301	1.404.860	1.708.627	1.604.545	1.821.507
Tekjur skv. uppl.	1.055.607	1.200.842	1.261.491	1.307.841	1.553.669	1.741.353	1.836.231
Mismunur gjalda og tekna	-43.645	-24.338	4.190	-97.019	-154.958	136.808	14.724

Tafla 7